

REGLUGERÐ

um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi.

1. gr.

Innleiðing á EES-gerð.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi ~~reglugerð~~ eftirfarandi EES-gerðir:

1. ~~Reglugerð~~ Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014, bls. 176.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/780/ESB frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014, bls. 192.

2. gr.

Framkvæmd.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa, yfirvald öryggisrannsókna á Íslandi, annast framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. gr.

Refsiheimild.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 41. gr. laga nr. 18/2013, um rannsókn samgönguslysa.

Hver sem hindrar starfsmenn eða nefndarmenn rannsóknarnefndar samgönguslysa við rannsóknarstörf sín skal sæta sektum.

Hver sá sem upplýsir um innihald þeirra gagna sem fjallað er um í 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010, eins og hún er innleidd hér á landi, skal sæta sektum.

Brot gegn 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010, eins og hún er innleidd hér á landi, varðar sektum.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr., sbr. og a.-n. liði sömu greinar, laga nr. 18/2013, um rannsókn samgönguslysa, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

- ~~Innanríkisráðuneytinu, 10. desember 2014.~~ -

- ~~Ólöf Nordal.~~ -

- ~~Ragnhildur Hjaltadóttir.~~ -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.